

Nr. 047 / 09 Reykjafoss

Skipverji slasast við fall í lest

IMO 9202077
Smíðaður: Þýskalandi 1999, stál
Skráður: Hollandi
Stærð: 7589 bt
Mesta lengd: 127 m Breidd: 20,40 m
Dýpt: 10,35 m Vél: 6000 kW
Fjöldi skipverja: 15

Gögn:
Gögn RNS



Reykjafoss©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. apríl 2009 var Reykjafoss við bryggju í Richmond USA.

Skipverji var á leið til að aftengja nokkra frystigáma í lest skipsins þegar hann féll niður í mannhol á milli selluhæða með þeim afleiðingum að hann skarst illa á hægri fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var tekið á leigu árið 2005;
- að sögn slasaða var léleg lýsing í lestinni því gámar skyggja á ljós og eftirlit með frystigámum því erfitt;
- að skipverjinn var ekki með ljós og gleymdi mannholinu sem var í vegi hans.

Nefndarálit:

Ástæða óhappsins var léleg lýsing í lest og skipverjinn var ekki með ljós á sér.